

Matthildur Ásmundardóttir bæjarstjóri Hornafjarðar
Ragnhildur Jónsdóttir fræðslustjóri Hornafjarðar
Íris Heiður Jóhannsdóttir
formaður fræðslu- og tómsundarnefndar Hornafjarðar

14. desember 2018

Færni til framtíðar

Undirritaðar fyrir hönd starfsmanna leik- og grunnskóla vilja í þessu bréfi hvetja bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar til að bjóða öllum foreldrum á Hornafirði upp á uppeldisnámskeiðið **Færni til framtíðar** á fyrstu tveimur árum árum barnsins, þeim að kostnaðarlausu.

Á síðustu áratugum hafa miklar samfélagsbreytingar átt sér stað og aðstæður fjölskyldna gjörbreyst. Á flestum heimilum vinna báðir foreldrar úti og er sá tími sem fjölskyldan á saman oft af skornum skammti. Tæknibreytingar og á hverskonar áreiti sem fólk verður fyrir á hverjum degi er gríðarlegt og sífelld er verið að berjast um tíma fólks bæði foreldra og barna. Samvera fjölskyldunnar og uppeldi barna er þó enn jafn mikilvægt og það eru sífelld nýjar áskoranir sem foreldrar þurfa að bregðast við og engan veginn sjálfsagt að þeir viti hvernig þeir eiga að takast á við þær. Á uppeldisnámskeiðinu **Færni til framtíðar** sem er haldið í samstarfi heilsugæslunnar, leikskólans og grunnskólans er farið yfir helstu áskoranir sem foreldrar þurfa að kljást við í uppeldi og þeim gefin verkfæri sem nýtist þeim vel í samskiptum við börnin. Fæstir foreldrar hafa þá þekkingu sem farið er yfir á námskeiðinu og það er alls ekki sjálfgefið að þeir geti aflað sér hennar sjálfir. Flestum reynist vel að fá þessa fræðslu í gegnum námskeið því það er mikilvægt að geta talað um hlutina bæði við sérfræðinga en líka aðra foreldra. Með þá þekkingu sem foreldrar fá á þessu námskeiði eru miklu meiri líkur á að foreldrar geti sinnt þörfum barna sinna á jákvæðan og uppbyggilegan hátt og veitt þeim það aðhald sem hverju barni er nauðsynlegt. Það skilar sér í minni tilfinninga-, hegðunar- og samskiptavanda hjá börnum síðar og myndi örugglega létta starfið bæði á leik- og grunnskóla fyrir utan hvað svona námskeið getur auðveldað foreldrum lífið.

Það er alls ekki sjálfgefið að foreldrar viti hvernig á að ala upp barn og það er sorglegt að bjóða þeim ekki upp á fræðslu og þekkingu sem við búum yfir. Í huga okkar á að vera jafn sjálfsagt að fara á uppeldisnámskeið eins og að fara í mæðravernd og við vildum sjá alla foreldra vera búna að fara á námskeiðið áður en barnið byrjar í skóla. Við hvetjum Sveitarfélagið Hornafjörð til að vera forvarnarmiðað sveitarfélag og veita foreldrum frían aðgang að fræðslu sem gerir þá að færari foreldrum og draga þannig úr líkum á vanda hjá börnum síðar á lífsleiðinni. Nú þegar eigum við sex sérfræðinga hér á Höfn sem geta haldið námskeiðið **Færni til framtíðar** en efni þess samrýmist uppeldisstefni skólanna Uppeldi til ábyrgðar.

Virðingarfyllt

Marianna Jónsdóttir skólastjóri Sjórnarhóls

Þórgunnur Torfadóttir skólastjóri Grunnskóla Hornafjarðar